# Hreinn Friðfinnsson

Hafnarhús
2. nóvember 2007 – 27. janúar 2008



Attending, 1973

## Hreinn Friðfinnsson

Hreinn Friðfinnsson er einn fremsti myndlistarmaður þjóðarinnar. Verk hans einkennast af næmi og léttleika og eru kunn fyrir ljóðrænan tón sem hefur þau yfir oft hversdagsleg viðfangsefni og efnivið. Hreinn notar ljósmyndun og teikningu auk skúlptúrs og innsetninga. Á þessari sýningu eru verk frá upphafi ferilsins fram á okkar dag.

Verk Hreins búa yfir svipuðu næmi og verk myndlistarmanna eins og Bas Jan Ader, Giovanni Anselmo, Guilio Paolini, Robert Smithson og Richard Long. Þótt nálgun þeirra sé ólík eru þeir samtímamenn, fæddir á fjórða og fimmta áratugnum eins og Hreinn. Verk þeirra falla undir fjölbreytta flokka myndlistar sem sýnir margbreytni þeirra viðhorfa sem finna má í verkum Hreins. Hægt er að greina verk Hreins sem konseptlistaverk, að því leyti að drifkraftur þeirra er hugmyndin, eða sem arte povera vegna notkunar hans á hversdagslegum hlutum; mörg verkin mætti líta á sem berstrípuð eða minimalísk og sum útilistaverk hans má sjá sem dæmi um jarð- eða landlist.

Náttúran er í veigamiklu hlutverki í verkum Hreins. Hann ólst upp á bóndabæ, á fimmta og sjötta áratugnum, í tilkomumiklu íslensku landslagi. Að eigin sögn er ómögulegt að greina hann sjálfan frá landslaginu, það er í líkama hans og sál. Upplifun hans í æsku af griðarlegum óbyggðum og takti þeirra liggur til grundvallar þegar skilja skal verk hans.

Tjáningarmáti hans, sem undirstrikaður er af hárfínni kímni, einkennist af endurtekningum, draumum, þjóðsögum, sjónblekkingum og hinu yfirnáttúrulega. Hreinn notar þessi viðfangsefni í leit að jafngildi hluta. Á þessari sýningu er til dæmis ekkert verk öðru fremra eða í aðalhlutverki. Þess í stað erum við stödd í miðju dreifðrar veraldrar þar sem áherslur eru jafnar og undur einfaldrar uppgötvunar er tilefni til fagnaðar.

Hreinn fæddist árið 1943 á Bæ í Dölunum. Hann skipaði sér í framvarðasveit íslenskra framúrstefnulistamanna þegar hann tók þátt í stofnun SÚM hópsins árið 1965. Snemma á áttunda áratugnum flutti hann til Amsterdam þar sem hann hefur búið og starfað síðan.

Þessi sýning er unnin í samstarfi við Serpentine Gallery í London og listamanninn Ólaf Elíasson. Sýningarstjóri er Kitty Scott.



Seven Times, 1978 / 79

## Hreinn Friðfinnsson

Hreinn Friðfinnsson is one of Iceland's leading artists. His art is celebrated for its lyricism that transcends the often commonplace subject matter and materials he uses. Friðfinnsson's practice encompasses photography and drawing as well as sculpture and installation. His works are linked, however, by a common sensibility and lightness of touch.

Friðfinnsson's work shares a similar sensibility to that of a number of different artists, including Bas Jan Ader, Giovanni Anselmo, Giulio Paolini, Robert Smithson and Richard Long. Though distinctly different in their approaches, all of them were born, like Friðfinnsson, in the 1930s and 40s and the diversity of categories into which their work falls demonstrates the multiplicity of attitudes present in Friðfinnsson's work. It could be characterised as conceptual, in the sense that it is ideas driven, or as Arte Povera in its use of everyday materials; much of it might be considered stripped down or *Minimalist* and some of his outdoor projects can be seen as examples of earthworks or Land Art.



First Window, 1992

The natural world is central to Friðfinnsson's practice. He grew up in the magnificence of the Icelandic countryside, on a farm in the 1940s and 50s. He says it is impossible to separate himself from the landscape; it is in his body and part of his psychological makeup. The early experience of a vast unpopulated landscape and its rhythms is fundamental to understanding his work.

His vocabulary, underscored by a delicate sense of humour, encompasses doubling, dreams, folklore, perceptual tricks and the supernatural. Through these means, Friðfinnsson is searching for equivalence between one thing and another. Within this exhibition, for example, no one piece is more important or central. Instead, we find ourselves in the midst of a dispersed and non-hierarchical universe, where the wonder of a simple discovery is cause for celebration.

Born in 1943 in Bær, Dölum, Iceland, Friðfinnsson gained prominence as a leading figure on the Icelandic avant-garde scene after founding the group SÚM with other artists in Reykjavik in 1965. He moved to Amsterdam in the early 1970s and has been living and working there ever since.

This exhibition is presented in collaboration with the Serpentine Gallery in London and artist Ólafur Eliasson. Curated by Kitty Scott.

# I collect personal secrets!

**Please send me yours.**

**I look forward to learning them and will keep them carefully.**

Hreinn Friðfinnsson
P.O. Box 851
121 Reykjavik
Iceland

# Ég safna persónulegum leyndarmálum!

Vinsamlega sendu mér þín.
Ég hlakka til að taka við þeim og mun varðveita þau af kostgæfni.

Hreinn Friðfinnsson
Pósthólf 851
121 Reykjavík
Ísland

Listasafn Reykjavíkur
Reykjavík Art Museum

**Dagskrá**

Sunnudag 25. nóvember kl. 15
Leiðsögn
Ingólfur Arnarsson myndlistarmaður tekur þátt í leiðsögn um sýninguna.

Sunnudag, 18. nóvember kl. 14
Fjölskyldustund í Hafnarhúsi
Verk Hreins Friðfinnssonar könnuð í gegnum skemmtileg viðfangsefni við hæfi ungra gesta.

Laugardag, 12. janúar 2008, kl. 13
Málþing
Poetic – íslenska konseptið
Málþing um Hrein Friðfinnsson og konseptlistina á Íslandi. Þátttakendur eru Eva Heizler, Gunnar J. Árnason, Unnar Auðarson og fleiri (á ensku).

**Programmes**

Sunday, November 25 at 3pm
Gallery Talk
Artist Ingólfur Arnarsson leads a tour of the exhibition.

Sunday, November 18 at 2pm
Family Program
The art of Hreinn Friðfinnsson explored through creative activities for children.

Saturday, January 12, 2008, at 1pm
Panel discussion
Poetic – The Icelandic Concept
A discussion about Hreinn Friðfinnsson and conceptual art in Iceland. Participants: Eva Heizler, Gunnar J. Árnason, Unnar Auðarson and others (in English).

**Opið** Opening hours

**Hafnarhús** Tryggvagata 17, daglega/daily 10–17
**Kjarvalsstaðir** Flókagata, daglega/daily 10–17
**Ásmundarsafn** Ásmundur Sveinsson Sculpture Museum, Sigtún
1.5.–30.9. daglega/daily 10–16
1.10.–30.4. daglega/daily 13–16

**Ókeypis aðgangur alla fimmtudaga**
Free entrance every Thursday

**Aðgöngumiðinn gildir í þrjá daga í öll húsin**
The admission ticket is valid for three days in all the museums (Hafnarhús, Kjarvalsstaðir, Ásmundarsafn)

**Alla sunnudaga kl. 15 er leiðsögn um sýningar á Kjarvalsstöðum og í Hafnarhúsi.**
Guided Tours in English Thursdays at 3 pm. at Kjarvalsstaðir

Í boði er táknmálstúlkun við sunnudagsleiðsögn; panta þarf túlkun með minnst viku fyrirvara.
Hægt er að panta leiðsögn fyrir hópa 10–50 gesta.
Hægt er að fá leiðsögn á erlendum tungumálum.

**Upplýsingar fraedsludeild@reykjavik.is**

KAUPÞING

Morgunblaðið

VIFILFELL

www.listasafnreykjavikur.is listasafn@reykjavik.is sími +354 590 1200 fax +354 590 1201